

Fjöldi undanþága og frávika í samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk haustið 2006

Í dag og á morgun eru haldin samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk í grunnskólum. Heildarfjöldi nemenda í 4. bekk er 4.235 og 4.473 í 7. bekk.

Hinn 17. október höfðu borist til [menntamálaráðuneytis](#) 278 beiðnir um undanþágur fyrir nemendur frá öðru eða báðum prófunum. Sótt var um undanþágu fyrir 84 stúlkur og 194 drengi. Undanþágubeiðnir fyrir drengi eru því 70% beiðna. Haustið 2005 voru undanþágubeiðnir alls 270.

[Námsmatsstofnun](#) veitir auk þess nemendum frávík frá fyrirlögn prófa og hinn 12. október síðastliðinn höfðu stofnuninni borist umsóknir um frávík fyrir 689 nemendur í 4. bekk og 668 nemendur í 7. bekk. Það eru því 15-16% nemenda sem hafa heimild til að þreyta samræmd könnunarpróf með einhverju frávíki. Allir nemendur hafa heimild til að nýta sér lengri prófatíma svo lengri prófatími er ekki talinn með sem frávík.

Fjöldi og eðli heimilaðra frávika í samræmdu könnunarprófi í 4. og 7. bekk 2006

	4. bekkur		7. bekkur		Samtals
	Fj.	%	Fj.	%	
Diskur í íslensku	523	12,3	527	11,8	1.050
Diskur í stærðfræði	522	12,3	534	11,9	1.056
Þýðing fyrirmæla	45	1,1	72	1,6	117
Litað prófhefti	413	9,8	369	8,2	782
Ritun á tölvu	5	0,1	32	0,7	37
Munnleg ritun (nem. tala inn á spólu)	4	0,1	4	0,1	8

Ástæður frávíksbeiðna í samræmdu könnunarprófi í 4. og 7. bekk 2006

	4. bekkur		7. bekkur		Samtals
	Fj.	%	Fj.	%	
Lesblinda	155	3,7	348	7,8	503
Grunur um lesblindu	230	5,4	73	1,6	303
Líkamlegar fatlanir	7	0,2	9	0,2	16
Sértækir námsörðugleikar	128	3,0	128	2,9	256
Almennir námsörðugleikar	115	2,7	103	2,3	218
Annað	155	3,7	118	2,6	273

Fagmenntun kennara í íslensku, dönsku og ensku í grunnskólum 2005-2006

Síðastliðinn vetur gerði [menntamálaráðuneyti](#) könnun á menntun starfandi dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum. Markmið með könnuninni var að kanna fagmenntun grunnskólakennara í dönsku í 7.-10. bekk, í ensku í 5.-10. bekk og í íslensku í 8.-10. bekk.

Niðurstöður könnunarinnar eru um margt athyglisverðar og kalla á umræðu um stöðu fagmenntunar kennara í erlendum tungumálum og íslensku í grunnskólum. Helstu niðurstöður um menntun kennara í þessum greinum á unglingsstigi eru eftirfarandi:

Um 46% enskukennara í 8.-10. bekk hafa einhverja fagmenntun í ensku í grunnnámi sínu. Með fagmenntun í námsgrein er (og í næstu málsgreinum með tilliti til dönsku og íslensku) átt við: B.Ed. próf með ensku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með ensku sem valgrein, B.A.

próf í ensku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í ensku. Af þessum 46% hafa um 15% B.A. próf eða meiri menntun í ensku. Um 42% enskukennaranna hafa enga sérhæfingu í ensku í námi sínu og um 12% eru leiðbeinendur.

Hlutfall dönskukennara í 8.-10. bekk sem hafa einhverja sérhæfingu í grunnnámi sínu er 47%, þar af hafa 6% B.A. próf eða meiri menntun í dönsku. Um 45% þeirra sem kenna greinina hafa enga fagmenntun í dönsku í námi sínu og rúmlega 7% eru leiðbeinendur.

Um 52% kennara í íslensku í 8.-10. bekk hafa sérhæft sig í kennslugreininni í námi sínu. Af þessum 52% hafa um 15% B.A. próf eða meiri menntun í íslensku. Um 38% hafa ekki fagmenntun í greininni og um 10% eru leiðbeinendur. Niðurstöður um menntun kennara í byrjendakennslu í ensku, þ.e. enskukennslu í 5.-7. bekk, sýna m.a. að um 29% kennara hafa fagmenntun í greininni í grunnnámi sínu. Þar af hafa um 7% B.A. próf eða meiri menntun í ensku. Um 62% kennaranna hafa ekki fagmenntun í ensku í grunnnámi sínu og auk þess eru um 10%

leiðbeinendur. Frekari upplýsingar er að finna í skýrslunni [Menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum 2005-2006](#) sem aðgengileg er á vef menntamálaráðuneytis.

Auglýst eftir blindrakennsluráðgjafa

[Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis](#) hefur í samráði við menntamálaráðuneyti, [Menntasvið Reykjavíkurborgar](#) og [Jöfnunarsjóð sveitarfélaga auglýst eftir kennsluráðgjafa](#) fyrir blind og sjónskert börn á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi á öllu landinu.

Kennsluráðgjafanum er ætlað að vera ráðgefandi fyrir skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk skóla sem vinnur með blindum og sjónskertum börnum og unglungum. Með ráðningu blindrakennsluráðgjafa telur ráðuneytið að komið sé til móts við óskir [Blindrafélagsins](#) um heildstæða kennsluráðgjöf fyrir blinda og sjónskerta nemendur.

